

Primex ehf.
Óskarsgötu 7
580 Siglufjörður

Reykjavík, 12.7.2024
UST202401-238/G.S.O.
08.09.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávikanna í eftirliti

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 21. júní 2024, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í kítín- og kítósanverksmiðju Primex ehf. þann 23. maí 2024. Þann 10. júlí 2024 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- Gr. 2.1 í starfsleyfi. Ekki skulu vera opin niðurföll í efnageymslu. Í efnageymslu í húsnæði við hlið verksmiðjunnar eru efni (klór, saltsýra, peroxyð, ediksýra) geymd þar sem opin niðurföll eru til staðar og er rekstraraðila bent á að gera úrbætur á því sem allra fyrst. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður uppsetning á lekabyttum framkvæmd fyrir 31. júlí. Þá verður fyrir þann tíma einnig bætt eftirlit með gleri, plasti, sprungum og niðurföllum m.t.t. efnageymslu og bætt eftirlit á lekabyttum á bömbum fyrir efni í efnageymslu. Starfsfólk verður þar að auki þjálfað í breytingum. Fyrir 30. ágúst mun fara fram endurmenntun framleiðslustjóra og vaktstjóra.**
- Gr. 5.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal einu sinni á ári gera efnamælingar í viðtaka. Mælingar voru ekki framkvæmdar árið 2023 og er því skráð frávik þar um. **Frávikinu var lokað með bréfi 21. júní 2024.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur